

Fjarðabyggð

Bt. Aron Beck

Hafnargötu 2

730 Reyðarfirði

Dags. 28.nóv. 2023

Efni: Sólbakki Neskaupstað

Nestak vinnur nú við að byggja fjölbýlis hús við Sólbakka 2 Neskaupstað. Meðfylgjandi erindinu er úrklippa úr deiliskipulagi sem heitir Bakkar 3 sem samþykkt var í bæjarstjórn árið 2000.

Byggingareitir bílskúrar

Byggingareitur fyrir bílskúr. Á deiliskipulagi sem samþykkt var árið 2000 er gert ráð fyrir að Sólbakki sé botnloki lokaður í austurenda og í austurenda götu séu bílskúrar.

Nestak hefur fundið fyrir nokkrum áhuga á bílskúrseiningum. Spurning hvort það hægt væri að breyta götunni í botnlanga og á þessu svæði megi bæta inn í núverandi deiliskipulag byggingareitum fyrir bílskúra eins og var á deiliskipulaginu frá árinu 2000.

Lokun götu

Sólbakki er þannig gerður að hægt er að hringaka húsið við Sólbakka 2. Spurning hvort ekki megi loka austari tengingu Sólbakka við Bakkaveg þannig að gatan verði botnlangi og í samræmi við deiliskipulagið.

Hérmeð óskað eftir því að skoðað verði hvort hægt verði að loka götunni og setja byggingareiti fyrir bílskúra í samræmi við deiliskipulag.

Fyrir hönd Nestak ehf.,

Ari Benediktsson



Mynd Úrklippa úr deiliskipulagi Sólbakka samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 6. apríl árið 2000. Samkvæmt skipulagi, er Sólbakki lokaður og bílskúrsreitir við enda götu.